

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að bifreiðastæði við Hraunberg 12 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
 2. Að gönguþverun yfir Áravað, milli Norðlingabrautar 2 og Áravaðs 1, verði merkt sem gangbraut.
 3. Að á Gufunesvegi, við Skemmtigarðinn, verði hámarkshraði 30 km/klst. á kafla við bílastæði Skemmtigarðsins.
 4. Að óheimilt verði að stöðva og leggja í bifreiðastæði við Tjarnargötu 9 milli kl. 7 og 17 virka daga. Undanþegin banninu verði vöruafhending.
 5. Að akstur vélknúinna ökutækja verði bannaður inn á stíg frá Seljabraut 54 til vesturs. Undanþegin banni við akstri verði sorphirða.
 6. Að tvö bifreiðastæði við Klapparstíg 3, Skúlagötumegin, hafi 15 mínútna hámarkstíma milli kl. 8-18 virka daga og 8-17 um helgar, þar með talið eitt stæði sérmerkt fyrir hreyfihamlaða.
 7. Að bifreiðastæði við Klapparstíg 3, Skúlagötumegin, sem í dag hefur 15 mínútna hámarkstíma hafi hámarkstíma milli kl. 8-18 virka daga og 8-17 um helgar.
 8. Að 18 bílastæði við Kirkjuteig, vestan við Helgateig, og 18 bílastæði við Hofteig, einnig vestan við Helgateig, verði merkt sérstaklega sem bifreiðastæði fyrir fólksbifreiðar.
- Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 3. september 2025.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs,
Dagný Alma Jónasdóttir lögfræðingur.

B deild - Útgáfudagur: 17. september 2025